

Mál nr 22/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 26. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Síðumúla15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 22/2015

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 6. nóvember 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann WW þar sem í ljós kom að tíkin var orðin of gömul og hafði ekki áður átt hvolpa. Kæra var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. desember og henni gefinn frestur til 5. janúar 2016 að skila inn andmælum. Andsvar kærðu barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en það um að haldið yrði áfram með málið. Var það mat siðanefndar að öll gögn er máli skiptu varðandi málið væru fram komin og var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 23. júní 2015 var tíkin ZZ pöruð við rakkann WW. Við pörun var tíkin orðin 7 ára og hafði ekki átt hvolpa áður. Hundarnir eru af hundakyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að hún væri afar leið yfir þessu og hefði ekki áttað sig á því að hún væri að brjóta reglur fyrr en hún fékk kæruna. Kærða rakti feril málsins og m.a. það að tíkin hefði áður parast og misst tvo hvolpa. Hún hafi nú eftir þetta got farið með tíkina til dýralæknis þar sem hún var metin hraust og vel hæf til að annast hvolpa.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í grein 3.5. segir:

„Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.“

Á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin orðin 7 ára gömul og hafði ekki átt hvolpa áður. Þessi regla er sett með dýravelferð að leiðarljósi og því mikilvægt að allir ræktendur hafi hana í heiðri. Til allra heilla reyndist tíkin eftir gotið vera hraust og vel hæf til undaneldis að mati dýralæknis.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir